

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í Dalabyggð.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í Dalabyggð. Sveitarstjórn fer með framkvæmd þessarar samþykktar.

#### 2. gr.

Með búfé í samþykkt þessari er átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

Búfjárhald utan lögbýla er óheimilt án leyfis sveitarstjórnar Dalabyggðar.

#### 3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skv. 2. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar Dalabyggðar. Í umsókninni skal tilgreina tegund og fjölda búfjár, húsakost og annað er málí kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórvaldsreglum, veitir hún leyfið. Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framsefjanlegt.

Um leyfið gilda ákvæði samþykktar þessarar. Leyfið er háð samþykkt þessari og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert. Ef leyfishafi brýtur ítrekað gegn lögum um búfjárhald nr. 38/2013 eða samþykkt þessari, má svipta hann leyfi til búfjárhalds með þriggja mánaða fyrirvara.

#### 4. gr.

Allt búfé skal merkt í samræmi við reglugerð um merkingar búfjár nr. 916/2012.

Óheimilt er að halda búfé, nema hafa fyrir það hús og/eða skjól sem samræmist reglugerðum um velferð búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna og annan aðbúnað.

Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitiland og föður fyrir allt sitt búfé og hann skal tryggja góða meðferð þess.

Gangi búfé úti á vetrararbeit skal umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt föður, viðunandi skjól og örugga vörslu.

#### 5. gr.

Lausaganga stórgripa er bönnuð í Dalabyggð. Umráðamönnum stórgripa í sveitarféluginu er skylt að hafa þá í vörslu innan gripaheldra girðinga, sbr. reglugerð um girðingar nr. 748/2002.

Nú verður stórgripa vart utan vörlugirðinga eða sauðfjár og geitfjár innan marka Búðardals og Lauga, sbr. meðfylgjandi upprætti sem sýna afmörkun svæðanna, sbr. fylgiskjöl 1 og 2, sem eru girt af samkvæmt reglugerð um girðingar nr. 748/2002, er þá þeim sem til sér skylt að tilkynna það til sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið gefur umráðamanni, sé vitað hver hann er, kost á að handsama búféð tafarlaust en skal að öðrum kosti sjá til þess að láta handsama það og færa í örugga vörslu. Umráðamanni skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem vegna tjóns eða kostnað við handsömun. Við ítrekuð brot eða hafi umráðamaður ekki hirt um að sækja gripi sína innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds. Um ráðstöfun gripa fer eftir lögum um velferð dýra nr. 55/2013.

#### 6. gr.

Byggingarfulltrúi heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins, sem leigð eru til beitar og/eða slægna. Umráðamenn búfjár eða félagasamtök sem hafa land á leigu frá sveitarféluginu skulu hafa landið girt gripheldri girðingu, sem nauðsynleg er til vörslu þeirra gripa sem innan hennar eiga að vera.

Umsóknum um land til beitar eða slægna skal skila til byggðarráðs sem úthlutar landi að fenginni tillögu umhverfis- og skipulagsnefndar.

Einstaklingar og félög umráðamanna búfjár, sem hafa lönd í eigu sveitarfélagsins á leigu til beitar eða slægna skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, meðal annars með árlegrí áburðargjöf.

7. gr.

Um fjallskil í Dalabyggð fer eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamál, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og fjallskilasamþykkt Dalabyggðar nr. 1085/2011.

8. gr.

Með mál út af brotum skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Samþykkt þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Dalabyggðar 19. febrúar 2014, staðfestist hér með skv. 4. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi allar fyrri samþykktir um sama efni sem gerðar voru í þeim hreppum sem síðar sameinuðust í Dalabyggð.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé utan lögbýla, fá leyfi til að halda þeim gripafjölda er þeir þegar hafa, uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði samþykktarinnar.

Þeir skulu tilkynna búfjárhald sitt til sveitarstjórnar Dalabyggðar innan tveggja mánaða frá gildistöku þessarar samþykktar.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. júní 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**


---

*Rebekka Hilmarsdóttir.*

Nr. 552

8. júní 2015

**Fylgiskjal 1.**



Nr. 552

8. júní 2015

**Fylgiskjal 2.**

